

Fyrirspurnir vegna útboðs á knattspyrnugrasi á aðalvöll Stjórnunnar við Ásgarði.

Svör Garðabæjar eru í **bláum lit** á eftir spurningunni.

Nr. 1 Er í lagi að bjóða næstu kynslóð af gervigrasi án innfylliefna sem er SPORTISCA S9 REVOLUTION ?

SPORTISCA uppfyllir FIFA QUALITY og FIFA QUALITY PRO prófið á núverandi gamalt fjaðurlag / púða í Ásgarði, þ.e. ef fjaðurlagið er ekki ónýtt. Óskað er því endurskoðunar á of þröngum skilyrðum sem koma í veg fyrir miklu betri lausnir og lægri rekstrarkostnað út líftíma vörunnar.

Í útboðsgögnum kemur skýrt fram hvaða efni verkkaupi óskar eftir. Á íþróttasvæðinu í Ásgarði eru nokkur misstór vallarsvæði sem eru uppbyggð á sama hátt og óskað er eftir. Þar sem um aðalvöll Stjórnunnar er að ræða óskar verkkaupi eftir EPDM Virgin, verksmiðjuframleiddu gúmmíi í gervigras.

Nr. 2 Við óskum eftir að frávíkstilboð verði leyfð eða útboðsgögn verði nútímavædd þar sem óskað er eftir ákveðnum gæðum en ekki skilyrðum um efnisval framleiðenda. Sportisca er fremsti gervigrasframleiðandi í heimi, ef slíkur þátttakandi fær ekki að taka þátt þá er útboðið meingallað eða hreinlega skrifað fyrir einn aðila. Að auki tekur það örfáa daga í stað vikna að leggja innfylliefnalaust gervigras. Tímamörk nást á miklu auðveldari hátt með slíkri lausn auk þess sem hún er miklu eðlilegri og betri en úrelt gervigras með gúmmíkurli.

Í ljósi svars við spurningu nr. 1 sér verkkaupi ekki ástæðu til að leyfa frávíkstilboð í þessu tilfelli.

Nr. 3 Er í lagi að bjóða límdu lausn á samskeytum en ekki saumaða ? Það er a.m.k. ósk framleiðenda og uppsetningaraðila.

Verkkaupi óskar sérstaklega eftir saumaðri lausn á samskeytum. Framkvæmdatími er í apríl þar sem veður geta verið köld og blaut. Það er mat verkkaupa að í ljósi aðstæðna og hins skamma verktíma sé minni áhætta í verkframkvæmd fólgin í saumuðum samskeytum heldur en límdum.

Nr. 4 FIFA PREFERRED PRODUCERS eru 6 í heiminum. Polytan er ekki einn af þeim. Þetta eru virtustu og vönduðustu framleiðendur í heimi að mati FIFA.

Óskað er eftir því að engin hindrun sé í því að CC GRASS, DOMO SPORTS GRASS og LIMONTA geti boðið endingarbestu og öruggustu lausnir sínar í útboði aðalvallar í Ásgarði. Að öðrum kosti bendir allt til þess að útboðið sé skrifað fyrir eingöngu einn aðila, eina vöru, en ekki til að uppfylla knattspyrnukröfur.

Þessi krafa væri eðlilegri ef sannað væri að EPDM V væri besti kostur að öllu leyti sem innfylliefni. Meðfylgjandi eru upplýsingar um FIFA PREFERRED aðila.

Verkkaupi tekur ekki afstöðu til hugleiðinga sem hér koma fram. Á Íslandi er ekki lengur óskað eftir SBR gúmmíi (dekkjagúmmí) í innfyllingu gervigrass. Sem stendur geta fáir framleiðendur boðið EPDMR endurunnið iðnaðargúmmí (grátt gúmmí) skv. gildandi staðli FIFA. Verkkaupi óskar eftir besta gúmmíi sem í boði er á aðalvöll

Stjórnunnnar í Ásgarði og því varð fyrir valinu EPDM Virgin verksmiðjuframleitt gúmmi fyrir gervigras.

Nr. 5 Óskað er eftir því að skilyrði sem koma í veg fyrir að nýir aðilir geti tekið þátt verði tekin út úr útboðskröfum. Nýr aðili "bjóðandi" hefur ekki á undanförunum 5 árum framkvæmt sambærilegt verk, þó svo að uppsetningaraðili hafi gert slíkt. Það sama gildir um meðalársveltu.

Verkkaupi telur eðlilegt að setja kröfur um að verktaki hafi reynslu að fullnaðarfrágangi amk. eins vallar síðastliðin 5 ár. Kröfur um meðalársveltu eru almennar kröfur verkkaupa í sínum útboðum.

Nr. 6 Garðabær getur verið 100 % viss um að fagleg vinnubrögð eigi sér stað ef valinn er FIFA PREFERRED PRODUCER, sjá meðf. skjal. Þeir verða þá að eiga þess kost að geta tekið þátt, hvað þá fremsti framleiðandi í heimi SPORTISCA með einum stærsta uppsetningaraðila í Evrópu. Áhætta Garðabæjar er einnig algjörlega lágmörkuð með greiðsluflæði í samræmi við framvindu verksins.

Þessi fullyrðing er skoðun þess sem spyr, verkkaupi getur því ekki svarað henni.

Nr 7 Reynslan á SBR og núna EPDM hefur sýnt að best er að vera laus við slík innfylliefni. Þess er því krafist að innfylliefnalausar lausnir sem uppfylla FIFA QUALITY PRO vallarpróf á aðalvelli Ásgarði fái að taka þátt.

Verkaupi áttar sig ekki á þessari fullyrðingu. SBR er mest notaða innfylliefni í heiminum. Verkaupi áttar sig ekki á hvað átt er við með fullyrðingum um reynslu af EPDM.

Nr. 8 Óskað er eftir því að bjóðendur geti boðið fleira en EPDM V sem innfylliefni. Alls ekki er hægt að sjá að FIFA PREFERRED PRODUCERS séu að notast eingöngu við EPDM V. Það er fánalegt að setja slíkt skilyrði ef virtustu framleiðendur heimsins geta ekki tekið þátt.

Skýringar á óskum verkkaupa koma hér að ofan. Verkkaupi kemur með kröfur út frá sínum forsendum ekki bjóðenda.

Nr. 9 Óskað er eftir að eftirfarandi upplýsingar í útboðsgögnum varðandi byggingarstjóra, tæknimenntaðan starfsmann og reynslu af gæðastjórnunarkerfi verði látnar niður falla. Bjóðandi sem notast við FIFA PREFERRED aðila eða uppsetningaraðila sem framkvæmt hefur mörg verkefni, hefur það teymi sem þarf. Nýr bjóðandi á eingöngu að þurfa það sem þarf til svo að verkið verði framkvæmt af fagmennsku.

Tilgangur óska verkkaupa er að lýsa kröfum og væntingum verkkaupa til þeirra sem stýra verkinu auk þess sem algild krafa er í útboðum í dag um að bjóðendur hafi eitthvert form af gæðastjórnunarkerfi til að vinna eftir. Verkkaupi metur hvort reynsla mannafla bjóðanda gildi til jafns við þær kröfur sem farið er fram á í útboðsgögnum.

Nr. 10 Verkið snýst um að fjarlægja núverandi gervigrasmottu og innfylliefni, kanna ástand fjaðurlags / púða sem eðlilegra hefði verið að vita fyrirfram hvort væri í lagi. Leggja nýtt gervigras og fá þriðja aðila til þess að láta gera FIFA QUALITY PRO field test á vellinum.

Þetta getur uppsetningaraðili með reynslu og óskum við því eftir að vera teknir sem gildur bjóðandi í verkið sem nýr aðili ef við höfum reyndan uppsetningaraðila sem framkvæmt hefur meira en 10 verk, í okkar tilfelli er það yfir 1100 verk. Að ráða til sín einn reynslumesta aðila í uppsetningu í Evrópu segir mikið um metnað í faglegum vinnubrögðum okkar sem ætti að vera nægjanlegt, auk þess að vilja eingöngu bjóða vörur frá virtustu framleiðendum í heimi.

Prófun eldri púða er ekki sértílfelli í þessu verki og fer víða fram þar sem púði er endurnýttur. Verkkaupi óskar eftir að nota eldri púða og er í sjálfsveld sett hvenær hann hyggst láta prófa hann. Sú lausn var valin í þessu útboði að láta prófun púða vera hluta heildarverksins.

Nr. 11 Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Ef þeir hafa misst fyrirtæki í gjaldþrot á síðustu 5 árum, eða komist í sambærilega aðstöðu, verður bjóðanda vísað frá.

Þetta hljómar fánalega og þarf að útfæra eða sleppa. Við skiljum að þekktir kennitölufлакkar þar sem vísitandi er verið að svíkja vörsluskatta uppá tugi milljóna eða hundruð milljóna yrði ekki liðið nema þá á Sementssvæðinu á Akranesi :) Verið er að óska eftir vöru og þjónustu, ef bjóðandi getur uppfyllt slíkt og hefur ekki slóð á bakinu tengda vörslusköttum sem upplýsir um að hann ætli að gera slíkt hið sama í þessu tilfelli þá er ekkert vandamál. Gjaldþrot hvort sem það er hjá fyrirtæki eða einstakling upplýsir ekkert um það hvort viðkomandi starfaði heiðarlega og skilaði öllum skyldum af sér þangað til slíkt varð honum eða hans fyrirtæki um megn.

Óskir verkkaupa um viðskiptasögu bjóðenda eru staðalóskir í útboðslýsingum verka fyrir Garðabæ.

Nr. 12 Við óskum eftir því að útboðsgögn Garðabæjar fyrir aðalvöll í Ásgarði verði yfirfarin og verkið verði aftur boðið út. Mælt er með því að fagfólk t.d. innan mannvirkjasviðs KSÍ eða FIFA lesi yfir útboðsgögnin áður en þau verða birt bjóðendum.

Útboðsgögnin hafa verið yfirfarin af fagfólki Garðabæjar. Garðabær sér enga ástæðu til að bjóða verkið út á ný enda ekkert komið fram sem gefur tilefni til þess.

Því miður er margt í þessum útboðsgögnum sem er lýsandi fyrir a.m.k. óvandvirk vinnubrögð. Að hafa ekki hugmynd um það í hvernig ástandi fjaðurlag/púði er, krefjast þess að láta sauma gervigrasið saman, krefjast eingöngu EPDM V, efnisgæði ekki efst á lista fyrir vali á vöru, notast við gamalt fjaðurlag o.s.frv. Það virðist sem ekkert hafi lagast varðandi fagleg útboð af hálfu VSÓ, kröfurnar eru ennþá gúmmíkurl sem er ekki í takt við virtustu framleiðendur í heimi og kröfur foreldra á Íslandi. En batnandi er mönnum best að lifa og vonumst við eftir því að virtir framleiðendur sem við stöndum fyrir og eru þeir bestu í heimi sérstaklega SPORTISCA og svo DOMO SPORTS GRASS, CC GRASS og Limonta geti tekið þátt í útboðum á Íslandi en þurfi ekki að segja okkur að útboðsgögn séu full af spillingu eins og þeir hafa haldið fram undanfarin tvö ár, síðan við fórum að REYNA að bjóða knattspyrnuvirkfirborð í miklu hærri gæðum en þekkst hefur á Íslandi. Hægt er að fara nákvæmlega yfir útboð í Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, Akranesi, Akureyri, Reykjavík, Seltjarnarnesi..... undanfarin 2-3 ár og sjá hvort allt er eðlilegt að mati lögræðinga, framleiðenda, FIFA, KSÍ og fjölmiðlamanna. Við erum a.m.k. til í að fá slíkt mál útkljáð. Við höldum því hiklaust fram að um spillingu sé að ræða, þar sem framleiðendur eins og Domo Sports Grass, Sportisca, CC Grass..... hafa fullyrt við okkur að svo sé miðað við útboðsgögn.

Það verður gaman að sjá hvernig VSÓ svarar þessum 12 fyrirspurnum og sér í lagi þeirri síðustu.

